



**samband
íslenskra
framhaldsskólanema**

Ársskýrsla 2011-2012

Pistill formanns

Ágætu framhaldsskólanemar,

Þá er 5. starfsár Sambands íslenskra framhaldsskólanema að renna undir lok og tekur 6. stjórn SÍF við keflinu.

Þegar við lítum aftur fyrir okkur og skoðum sögu SÍF, þá sjáum við skýrt hve ört samtökin hafa vaxið. 4. nóvember 2007 var fyrsta aðalþing félagsins haldið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og áttu þá 22 nemendafélög aðild að SÍF. Markmið félagsins var þá að verða sameiginlegur málsvari allra nemendafélaga framhaldsskóla landsins.

Núna, 5 árum síðar eru aðildarfélagin orðin 31 og 1 félag sótt um aðild. SÍF hefur aldrei setið í jafn mörgum nefndum á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og nú og má því segja að SÍF sé loks komið á þann stað sem við höfum lengi stefnt að, frá stofnun félagsins. Nýr þjónustusamningur við Mennta- og menningamálaráðuneytið var undirritaður og rekstargrundvöllur SÍF næstu árin tryggður með gerð hans.

Fögnum því fimm ára afmæli félagsins með því að láta heyra í okkur. Látum til okkar taka. Þetta er árið okkar!

Andri Steinn Hilmarsson
Formaður SÍF

Framkvæmdastjórn, stjórn, síf-arar og ráðgjafar

Starfsárið 2011-2012 sátu eftirtaldir fulltrúar í framkvæmdastjórn félagsins:

- Andri Steinn Hilmarsson formaður frá Menntaskólanum við Sund
- Eva Brá Önnudóttir ritari frá Kvennaskólanum í Reykavík
- Níel Þóroddson gjaldkeri frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ (lét af störfum í janúar 2012)
- Ásgerður Heimisdóttir frá Menntaskólanum við Hamrahlíð (hóf störf í janúar 2012)
- Lilja Björk Jónsdóttir alþjóðafulltrúi frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla
- Alexandra Herbersdóttir fulltrú forvarnamála frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Davíð Þór Katrínarson verkefnastjóri frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
- Tinna Bergmann verkefnastjóri frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Starfsárið 2011-2012 sátu eftirtaldir fulltrúar í stjórn SÍF:

- Andri Steinn Harðarsson frá Menntaskólanum við Sund
- Bryndís Torfadóttir frá Kvennaskólanum í Reykavík
- Jóhanna Fanney Hjálmarsdóttir Weldingh frá Verkmenntaskóla Austurlands
- Ísak Einar Rúnarsson frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ
- Stefán Snær Stefánsson frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ
- Þengill Björnsson frá Menntaskólanum við Reykjavík

Starfsárið 2011-2012 sátu eftirtaldir fulltrúar í varastjórn SÍF:

- Ásgrímur Hermannsson frá Menntaskólanum við Sund
- Kristinn Þór Óskarsson frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ
- Sigurbjörg Selma Sigurðardóttir frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ

Ráðgjafar SÍF árið 2011-2012 voru:

- Heiða Karen Sæbergisdóttir formaður SÍF 2010-2011
- Eydís Helga Árnadóttir alþjóðafulltrúi SÍF 2010-2011
- Atli Steinn Bjarnason gjaldkeri SÍF 2010-2011

Fundir framkvæmdastjórnar voru haldnir að jafnaði einu sinni í viku þó sjaldnar yfir jólaþróf og sumarmánuðina. Starfsárið 2011-2012 hélt framkvæmdastjórn SÍF alls 39 fundi og af voru 4 vinnufundir. Framkvæmdastjórn heldur fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Vinnufundir framkvæmdastjórnar eru haldnir að jafnaði 4 sinnum yfir starfsárið. Markmið fundanna er tvíþætt; á fundunum eru lagðar fram framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og fyrirbyggjandi verkefni skýrð í samræmi við markmið og stefnu félagsins. Til viðbótar gegna fundirnir því hlutverki að efla samvinnu framkvæmdastjórnar.

Stjórn SÍF fundar í hið minnsta 2 sinnum yfir starfsárið. Á starfsárinu voru haldnir 2 fundir, annar í nóvember 2011 í Reykjavík og sá seinni að Syðra-Langholti á Flúðum. Á fundunum var unnin málefnavinna ásamt því sem lagðar voru fram framkvæmda- og fjárhagsáætlanir. Fundirnir voru vel sóttir af fulltrúum aðildarfélaganna og stjórn. Óska má eftir fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Síf-arar eru fulltrúar hvers aðilarfélags og kemur einn frá hverju aðildarfélagi. Er það aðildarfélaganna að ákvarða hvernig skuli skipa fulltrúa sinn. Síf-arar eru tengiliðir aðildarfélaganna við SÍF og mæta þeir einnig á stjórnarfundum.

Ráðgjafar félagsins eru kjörnir á aðalþingi og koma úr röðum fyrrverandi stjórnarmanna. Ráðgjafar SÍF sinna því hlutverki að vera nýrri stjórn félagsins innan handar og vera leiðandi og skýrandi í fyrstu skrefum á nýju starfsári. Ráðgjafar félagsins sinna einnig því hlutverki að viðhalda og varðveita þekkingu sem skapast með hverju starfsári félagsins.

Skrifstofa og fjármagn

SÍF deilir skrifstofu með Landsambandi æskulýðsfélaga í Hinu Húsinu í Reykjavík. Þar starfa framkvæmdastjóri í 70% starfi og verkefnastjóri í 30% starfi.

Á aðalþingi SÍF 2011 var samþykkt að félagið yki við mannauð sinn og var ráðist í að ráða verkefnastjórna. Auglýst var 30% staða og ráðinn var Stefán Rafn Sigurbjörnsson. Verkefnastjóri starfar náið með framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra og hefur yfirumsjón með verkefnum SÍF. Framkvæmdastjóri félagsins er sem áður Sigurbjörg Birgisdóttir, en hún hefur starfað hjá SÍF síðan í mars 2011.

Starfsmenn SÍF sjá um daglegann rekstur félagsins og afgreiða erindi sem berast á borð. Skrifstofa SÍF gegnir í senn hlutverki upplýsingaþjónustu en hingað leita félagsmenn og einstaklingar á leið í nám. Fyrirspurnir og erindi eru fjölbreytt eins og félagsmenn eru ólíkir en eiga það sameiginlegt að varða öll málefni námsmanna. Starfsmenn SÍF vinna einig náið með framkvæmdastórn og taka þátt í verkefnum félagsins.

Umfangsmiklar skipulagsbreytingar áttu sér stað yfir sumarmánuðina 2012. Unnu þá starfsmenn og framkvæmdastjórn SÍF að því að endurskipuleggja hlutverk starfsmanna, verkferla og vinnureglur. Einnig er unnið að því að koma skipulagi á skjalamál félagsins. Ráðgert er að þessar breytingar taki strax gildi og ný framkvæmdastjórn 2012-2013 tekur til starfa.

Dregið hefur úr fjármagni SÍF frá starfsárinu 2010-2012 en í fyrstu umræðu fjárlagafrumvarps 2012 var rekstrarstyrkur til félagsins (áður 6 millj.) lagður niður. Með skjótum viðbrögðum, sem birtust m.a. í bréfaskriftum til Mennta- og menningarmálaráðuneytis, ráðherra og þingmanna, tókst að tryggja félaginu fjármagn á starfsárinu með undirritun ný þjónustusamnings (nú um 5,1 millj.).

Í júní 2012 var svo undirritaður nýr þjónustusamningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samningurinn er til 4 ára og tryggir félaginu rekstrargrundvöll árlega. Nýr þjónustusamningur veitir félaginu mikið svigrúm og tryggir áframhaldandi og öflugt starf.

Í maí 2012 var einnig undirritaður nýr þjónustusamningur við Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Nýr þjónustusamningur við LÍN tryggir SÍF áframhaldandi setu í stjórn sjóðsins ásamt fjármagni en LÍN greiðir SÍF 800.000 kr. árlega skv. þjónustusamningi. Í lok hvers almanaksárs skila framkvæmdastjórn SÍF skýrslu til LÍN þar sem fjallað er um samskipti SÍF og sjóðsins á líðandi ári.

Ljóst er að niðurskurði og samdráttar í samfélaginu gæti einnig hjá SÍF og er því nauðsynlegt að félagið leggi aukna áherslu á komandi ári að sækja verkefnastyrki. Félagið og starfsemi þess fer ört stækkandi og er nauðsynlegt að tryggja aukið fjármagn samhliða stækkun

félagsins.

Aðildarfélög SÍF

Í upphafi starfsársins 2011-2012 voru aðildarfélög SÍF alls 32. Hafði lönskólinn í Hafnarfirði þá sótt um og fengið samþykka aðild á Aðalþingi 2011. Í lok mars 2012 fækkaði hinsvegar aðildarfélögum SÍF en þá sagði Nemendafélag Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra félagið úr SÍF. Fylgdi úrsögn yfirlýsing frá stjórn félagsins þess efnis að til úrsagnar kæmi til vegna mikillar óánægju með starf framkvæmdastjórnar SÍF í tengslum við Söngkeppni framhaldsskólanna.

Framkvæmdastjórn SÍF hefur lagt áherslu á að bæta tengsl og samskipti við aðildarfélög sín og heldur m.a. úti facebook- og heimasíðu þar sem birtast reglulega fréttir af starfinu. Er það framkvæmdastjórn hinsvegar ljóst að tengslum og samskiptum er ábótavant og því er lögð rík áhersla á bætt samskipti, tengsl og þátttöku framkvæmdastjórnar, stjórnar og aðildarfélaga í framkvæmdaráætlun 2012-2013.

Þing og fundir

Haldnir voru 39 framkvæmdastjórnarfundir, 2 vinnufundir, 2 stjórnarfundir, 2 formannafundir, og eitt aðalþing á starfsárinu. Fundir framkvæmdastjórnar eru iðulega haldnir á skrifstofu SÍF ásamt vinnufundum en stjórnarfundir eru til skiptis á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Í ár var fyrsti stjórnarfundur haldinn í Hinu Húsinu í kjallara en sá seinni að Syðra Langholti á Flúðum. Aðalþing SÍF 2012 verður haldið í Kvennaskólanum í Reykjavík. Framkvæmdastjórn og stjórn heldur fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Formannanámskeið SÍF

Hefð hefur skapast fyrir að halda formannanámskeið SÍF. Námskeiðið er haldið að fyrirmynd Leiðtogaskóla lönnemasambands Íslands. Í október 2011 var námskeiðið haldið en með breyttri mynd. Ákveðið var að stækka námskeiðið og bjóða ekki einungis upp á námskeið fyrir formenn nemendafélaganna heldur einnig hinar ýmsu nefndir. Var þá boðið upp á vinnustofur fyrir ritstjórnir, skemmtinefndir, gjaldkera, formenn, videoklúbba ásamt námskeiði fyrir allar nefndir í hópstjórnun. Námskeiðið var einstaklega vel sótt og gáfu þátttakendur því góða einkunn í nafnlausri könnun er lögð var fyrir þátttakendur að námskeiði loknu.

Þáttökugjald var 500 krónur á þátttakanda og var nýtt til að koma til móts við ferðakostnað stjórnna utan höfuðborgarsvæðisins. Einnig fékkst 150 þúsund króna styrkur fyrir námskeiðinu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Lagabreytinganefnd SÍF

Um miðja önn 2012 var kallað eftir fulltrúum í Lagabreytinganefnd. Alls bárust 3 tilnefningar og sátu í nefndinni Ásgrímur Hermannsson, Gunnar K. Ólafsson, Viktor Ingi Lorange ásamt Evu Brá Önnudóttur frá framkvæmdastjórn SÍF. Nefndin fundaði alls 3 sinnum

Handbók framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra

Samhliða innri skipulagsbreytingum SÍF var ráðist í að hefja vinnu við handbók

framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra. Er þessum handbókum ætlað að skýra verkefni og verkferla með það að leiðarljósi að viðhalda þekkingu og reynslu innan félagsins og auðvelda þannig skipti milli stjórna eða starfsfólks.

Nýtt merki og heimasíða

Á aðalþingi SÍF 2011 var samþykkt að ráðast í leit að nýju merki félagsins ásamt því að vinna að nýrri heimasíðu. Var framkvæmdastjórn falið að ráða hönnuð og forritara í verkefnið og var fjármagn frá Æskulýðssjóði nýtt í verkefnið.

Strax í september hófst hugmyndavinna sem lauk í maí þegar loks fékkst samhljóða niðurstaða um nýtt merki. Í kjölfarið var hafist handa við að hanna nýja heimasíðu en var það í höndum sama hönnuðar. Einnig voru nafnspjöld, bréfsefni, og fánar hannaðir með nýju merki.

Hönnun heimasíðu lauk í júní og vinnur nú forritari að heimasíðunni. Ráðgert er að þeirri vinnu sé lokið um miðjan október en til stendur að opna heimasíðuna á afmæli SÍF í nóvember 2012.

Boxið- framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

Háskóli Reykjavíkur leitaðist snemma á starfsárinu eftir samstarfi við SÍF að Boxinu-Framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Átti fulltrúi SÍF sæti í vinnuhóp keppinnar ásamt því að taka þátt í dómaraströfum á úrslitadegi keppinnar. Gekk keppnin vel og verður leitast eftir áframhaldandi samstarfi við HR.

Söngkeppni framhaldsskólanna

Söngkeppni framhaldsskólanna fór fram í apríl 2012 og var haldin í Vodafone höllinni í Reykjavík. Um hríð hefur viðburðafyrirtækið AM Events séð um skipulagningu keppinnar en í ár var ákveðið að breyta fyrirkomulagi keppinnar og var framleiðslufyrirtækið Saga Film ráðið í verkið. Ríkisjónvarpið keypti útsendingarréttinn á keppninni og vegna tímaafmarkana þurfti að halda undankeppni þar sem 12 lög voru valin til úrslita. Fengu allir skólar að taka upp myndband í myndveri Saga Film sem sett var á heimasíðu keppinnar. Undankeppnin var með “like”- sniði, þ.e. þau lög í úrslit er fengu sem flest “like” á myndbönd sín á facebook síðu keppinnar. Þó vógu “like” atkvæði einungis til helmings á móti atkvæðum dómnefndar. Úrslitakvöld keppinnar endaði svo með tónleikum í Vodafonehöllinni.

Undankeppni og úrslitakvöld fór vel fram en þó var mikil óánægja með fyrirkomulag og skipulag keppinnar. Framkvæmdastjórn hefur tekið saman helstu athugasemdir frá aðildarfélögunum og má þar helst nefna:

- Lélegt flæði upplýsinga er varða staðsetningu, fyrirkomulag og dagsetningu
- Óánægja með val á staðsetningu, þ.e. færa keppni frá Akureyri til Reykjavíkur
- Óánægja með undankeppni og fækkun atriða í úrslitum
- Óánægja með minnkaða möguleika minni skóla til úrslita

Athugasemdir þessar verða nýttar við skipulagningu Söngkeppni framhaldsskólanna 2013.

Smokkakerferð SÍF- lýðheilsuverkefni

Í desember hlaut SÍF styrk úr lýðheilsusjóði til kaupa á smokkum og límmiðum með merki félagsins. Var þessum smokkum dreift á Söngkeppni framhaldsskólanna og á öðrum viðburðum SÍF og var verkefnið liður í forvarnastarfi félagsins.

Alþjóðastarf

SÍF leggur áherslu á að læra af systrasamtökum sínum og hafa mótandi áhrif á málaflokkinn á alþjóðavísu. Aftur á móti vinnur félagið eftir þeirri stefnu að taka þátt á fáum stöðum en sinna þeim verkefnum vel. Sem stendur greiðir SÍF aðildarfélagsgjöld hjá Obessu sem eru regnhlífasamtök fyrir evrópskar námsmannahreyfinga á framhaldsskólastigi. SÍF sækir námskeið, fræðslu, og ráðstefnur á vegum félagsins. Einnig taka framkvæmdastjórnarmeðlimir SÍF virkan þátt í innra starfi félagsins með t.d. setu og atkvæðarétti á mótandi fundum (aðalfundum og fulltrúafundum). Fulltrúi SÍF situr í vinnuhópi á vegum Obessu er varðar stofnun nýrra námsmannahreyfinga í Evrópu og stuðningi við ný félög. Þá veitir Obessu félaginu mikinn stuðning og faglegt aðhald ásamt því að vera vettvangur til þess að mynda tengslanet við fulltrúa frá öðrum námsmannahreyfingum á framhaldsskólastigi. Einn fulltrúi í framkvæmdastjórn SÍF er kjörin til þess að sinna hlutverki alþjóðafulltrúa. Sá aðili heldur utan um alþjóðastarf félagsins og er leiðandi í málum tengdum þeim.

Innlent samstarf

SÍF hefur aðild að Landssambandið æskulýðsfélaga (LÆF) og hefur átt virkan fulltrúa í fulltrúaráði LÆF yfir starfsárið. LÆF eru regnhlífasamtök æskulýðsfélaga á Íslandi og samráðsvettvangur. Helstu verkefni LÆF Að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum, vera samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir íslensk æskulýðsfélög, vera fulltrúar íslenskra ungmenna í ýmsu erlendu samstarfi, og vera í forystu í umræðu um æskulýðsmál. Einnig hafa fulltrúar SÍF setið ótal námskeið og þjálfun er LÆF stendur fyrir.

Iðnnemanefnd SÍF

Í kjölfar kröfu frá Aðalþingi SÍF 2011 var ákveðið að SÍF skildi beita sér af auknum krafti fyrir málefnum verknámsnema. Framkvæmdstjórn LÆF tók ákvörðun að fyrsta skref félagsins skildi vera að stofna iðnnemanefnd sem skipuð yrði fulltrúum þeirra framhaldsskóla er standa fyrir verknámi. Sent var út kall eftir fulltrúum í nefndina og hafa fulltrúar frá þeim skólum verið skráðir til leiks. Þó fékkst ekki nægur fjöldi fulltrúa til þess að halda stofnfund nefndarinnar. Stefnt er að því í framkvæmdaáætlun næsta starfsárs að taka upp þráðinn og ítreka kall eftir fulltrúum. Verkefnastjóri SÍF mun vinna með framkvæmdastjórn að verkefninu og hefur þegar hafist handa við að kalla eftir samstarfi og styrkjum frá hagsmunaaðilum.

HoFF

Verkefnið hefur verið þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið, undir formerkjum HoFF samstarfsins. (*Heilsuefning og forvarnir í*

framhaldsskólum (HoFF) er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar, Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Fulltrúi forvarnamála SÍF situr í samráðshópi HoFF og sækir reglulega fundi HoFF og tekur þátt í vinnu hópsins.

Bóksala SÍF

Á Aðalþingi SÍF 2011 var tekin ákvörðun að leggja niður bóksölu SÍF en bóksalan hefur verið starfrækt frá stofnun félagsins en SÍF tók við bóksölunni af lönnemasambandi Íslands. Bóksalan er hætt að skila hagnaði, lagerinn úreltur ásamt því að bóksalan er ekki samkeppnishæf lengur. Einnig eru skiptibókamarkaðir teknir við að taka við og selja bækur iðnnema og því eru helstu rök bóksölnnar fallin úr gildi. Ákveðið var að hafa bóksöluna opna í byrjun hvorrar annar á starfsárinu en einungis til þess að skila bókum til eigenda sinna. Enn er þónokkur fjöldi bóka eftir til á lager og er það í höndum komandi stjórna að ákvarða hvernig skuli ganga frá bóksölunni.

Nefndarstörf og samráðshópar

Á starfsárinu 2011-2012 má telja tölvuverða aukningu á boðum í nefndarstörf og samráðshópa. SÍF á fulltrúa í eftirfarandi nefndum og hópum;

- Fulltrúaráð LÆF- Eva Brá Axelsdóttir
- Stjórn LÍN- Sigurbjörg Birgisdóttir
- Námsstyrkjanefnd- Eva Brá Axelsdóttir
- HOFF- Alexandra Herbertsdóttir
- Faghópur um ávana og fíkniefnaforvarnir- Alexandra Herbertsdóttir
- Samráðshópur um mörkun vinnumarkaðsstefnu: Sigurbjörg Birgisdóttir – hópur 3, ungt fólk. Stefán Rafn Sigurbjörnsson – hópur 2, menntastefna
- Aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks- Eva Brá Axelsdóttir

Umsagnarbeiðnir

Reglulega berast félaginu umsagnarbeiðnir m.a. um frumvörp til laga og þingstillöguályktanir. Hefur það verið stefna félagsins að svara öllum slíkum beiðnum. Í ár bárust félaginu um 7 umsagnarbeiðnir er fjölluðu t.d. um breytingar á lögum um framhaldsskóla og breytingar á vinnustaðanámssjóði.

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Frá árinu 2007 hefur SÍF átt, skv. skipun mennta- og menningarmálaráðherra, fast sæti í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Sigurbjörg Birgisdóttir, framkvæmdastjóri SÍF, hefur setið í stjórn LÍN fyrir hönd SÍF frá maí 2011 en ráðherra skipar í stjórn til tveggja ára. Fulltrúi SÍF gegnir einnig hlutverki lánasjóðsfulltrúa og veitir félagsmönnum SÍF upplýsingar og leiðsögn í málum er varða lánasjóðinn, þ.e. námslánnum og jöfnunarstyrk.

Baráttudagur gegn einelti- þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti

Þann 8. nóvember 2011 var undirritaður þjóðarsáttmáli gegn einelti. Undir samninginn rituðu

mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra ásamt fulltrúar frá félagasamtökum á Íslandi. Fulltrúar SÍF voru viðstaddir athöfnina í Höfða og skrifuðu undir samninginn fyrir hönd félagsins. Baráttudagur gegn einelti er árlegu viðburður og hefur SÍF boðist að taka þátt í baráttudegi gegn einelti 2012.

Besta nestið- lýðheilsuverkefni

Yfir sumarmánuðina 2012 vann stjórn ásamt verkefnastjóra að umsókn um lýðheilsuverkefni sem ber vinnuheitið "Besta nestið". Sótt var um styrk bæði til Æskulýðssjóðs og í Lýðheilsusjóð. Verkefnið snýst um að hanna veggspjöld með hugmyndum að ódýru og hollu nesti. Einnig á að gera vimeo myndbönd þar sem þjóðþekktir einstaklingar smyrja sitt uppáhaldsnesti og hægt verður að senda inn myndbönd sem sett verða á Facebook síðu verkefnissins, félagsins og einnig á heimasíðuna. Geta þá einstaklingar kosið um besta myndbandið með like- keppni og eru verðlaun í boði. Verkefnið er liður í forvarnastarfi SÍF.